

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 5

6. árgangur

28.1.1999

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

99/EES/5/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1403 - Astra/Zeneca)	1
99/EES/5/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1365 - Vivendi/FCC)	2
99/EES/5/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1397 - Sanofi/Synthélabo)	2
99/EES/5/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1419 - Groupe Cofinoga/BNP)	3
99/EES/5/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1334 - Volvo Aero/ABB/Turbogen)	4

99/EES/5/06	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðu 5
99/EES/5/07	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 14.12. til 31.12.1998 6
99/EES/5/08	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir 8
	3. Dómstóllinn
99/EES/5/09	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna 9
99/EES/5/10	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi 11

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1403 - Astra/Zeneca)

99/EES/5/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. janúar 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Zeneca Group PLC (Zeneca) og Astra AB (Astra) sameinast að öllu leyti í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Astra: lyf og lækningatæki,
 - Zeneca: lyf, kemísk efni til notkunar í landbúnaði og sérhæfð kemísk efni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 19, 23.1.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1403 - Astra/Zeneca, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1365 - Vivendi/FCC)****99/EES/5/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. janúar 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Vivendi S.A. (Vivendi) (áður Compagnie Générale des Eaux) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hluta af fyrirtækinu Fomento de Construcciones y Contratas, S.A. (FCC) með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vivendi: einkum byggingarstarfsemi, fasteignaviðskipti, fjarskipti og fjölmiðar sem og starfsemi á sviði umhverfismála,
 - FCC: einkum byggingarstarfsemi, fasteignaviðskipti, sementsframleiðsla og starfsemi á sviði þjónustu og umhverfismála.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjútíð. EB C 22, 27.1.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1365 - Vivendi/FCC, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussel

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1397 - Sanofi/Synthelabo)****99/EES/5/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. janúar 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Sanofi, sem er stjórnað af Elf-Aquitaine, og fyrirtækið Synthelabo, sem er stjórnað af L'Oréal sameinast í skilningi 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sanofi: starfsemi á sviði heilbrigðismála (lyf, greiningar og dýraheilbrigði), starfsemi á sviði kemískra efna og í fegrunariðnaðinum (ilmvatn og snyrtivörur),
 - Synthelabo: starfsemi á sviði heilbrigðismála (lyf og líflæknisfræði) og starfsemi á sviði kemískra efna.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjútíð. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjútíð. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjútíð. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 22, 27.1.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1397 - Sanofi/Synthelabo, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussel

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1419 - Groupe Cofinoga/BNP)

99/EES/5/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. janúar 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Groupe Cofinoga og Banque Nationale de Paris öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Creation Financial Services Limited með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Groupe Cofinoga: útgáfa á greiðslukortum og önnur starfsemi á sviði neytendalána,
 - Banque Nationale de Paris: lánastarfsemi og önnur fjármálastarfsemi,
 - Creation Financial Services Limited: greiðslukortaviðskipti og önnur starfsemi á sviði neytendalána.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 24, 29.1.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1419 - Groupe Cofinoga/BNP, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1334 – Volvo Aero/ABB/Turbogen)****99/EES/5/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17.11.1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmst hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1334. CELEX er tölvuætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

99/EES/5/06

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma
framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá
23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og
öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum**

Birting á heitum og tilvísunum samhæfðra evrópskra staðla samkvæmt tilskipuninni

Evrópsk staðlastofnun ⁽¹⁾	Tilvísun og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun úrelta staðalsins	Úrelti staðallinn telst í samræmi við tilskipunina þar til (dagsetning) Athugasemd 1
CEN	EN 1127-1: 1997: Sprengihættustaðir – Forvarnir og vernd gegn sprengingum - 1. hluti: Grunnhugtök og aðferðafræði			

Athugasemd 1: Alla jafna telst staðallinn ekki lengur vera í samræmi við tilskipunina frá þeim degi sem hann er numinn úr gildi, samkvæmt ákvörðun evrópsku staðlastofnunarinnar.

Athugasemd:

- Allar upplýsingar varðandi fyrirbyggjandi staðla má fá annaðhvort hjá evrópskum staðlasamtökum eða innlendum staðlastofnunum, en skrá yfir þær fylgir viðauka við tilskipun ráðsins 98/38/EB⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 98/48/EB⁽³⁾.
- Birting tilvísana í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* þýðir ekki að unnt sé að fá staðlana á öllum tungumálum bandalagsins.
- Framkvæmdastjórnin annast uppfærslu skrárinnar.

⁽¹⁾ CEN (Comité européen de normalisation): rue de Stassart 36, B-1050 Brussel, sími (+32 2) 550 08 11, bréfasími (+32 2) 550 08 19.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 204, 21.7.1998.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 217, 5.8.1998.

Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 14.12. til 31.12.1998

99/EES/5/07

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(98) 754	CB-CO-98-749-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1999 fyrir fiskiskip sem veiða í landhelgi Lettlands	15.12.1998	15.12.1998	8
COM(98) 755	CB-CO-98-755-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar ráðstafanir fyrir árið 1999 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiaðlinda vegna skipa sem sigla undir pólskum fána	15.12.1998	15.12.1998	12
COM(98) 756	CB-CO-98-750-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1999 fyrir fiskiskip sem veiða í færeyskri landhelgi	15.12.1998	15.12.1998	6
COM(98) 757	CB-CO-98-757-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1999 fyrir fiskiskip sem veiða í pólskri landhelgi	15.12.1998	15.12.1998	6
COM(98) 761	CB-CO-98-751-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar ráðstafanir fyrir árið 1999 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiaðlinda vegna skipa sem sigla undir fána Lettlands	15.12.1998	15.12.1998	14
COM(98) 762	CB-CO-98-752-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar ráðstafanir fyrir árið 1999 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiaðlinda vegna skipa sem sigla undir færeyskum fána	15.12.1998	15.12.1998	14
COM(98) 692	CB-CO-98-697-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um tengdan fjarskiptabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á búnaði	15.12.1998	16.12.1998	25
COM(98) 728	CB-CO-98-745-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um nákvæmar reglur og tilhögun þróunaraðstoð bandalagsins á sviði fiskveiða	16.12.1998	16.12.1998	41
COM(98) 764	CB-CO-98-766-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar ráðstafanir fyrir árið 1999 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiaðlinda vegna skipa sem sigla undir norskum fána	16.12.1998	16.12.1998	14
COM(98) 765	CB-CO-98-767-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1999 fyrir fiskiskip sem veiða í efnahagslögsögu Noregs og á fiskisvæðunum við Jan Mayen	16.12.1998	16.12.1998	7
COM(98) 766	CB-CO-98-768-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1999 fyrir fiskiskip sem veiða í grænenskri landhelgi	16.12.1998	16.12.1998	8
COM(98) 768	CB-CO-98-769-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna	16.12.1998	16.12.1998	24

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

(1) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(98) 769	CB-CO-98-770-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um rammareglur bandalagsins um samstarf á sviði mengunarslysa á sjó	16.12.1998	16.12.1998	24
COM(98) 773	CB-CO-98-772-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar ráðstafanir fyrir árið 1999 í tengslum við varðveislu og stjórnun fiskveiðiauðlinda á eftirlitssvæðinu eins og það er skilgreint í samningnum um alþjóðasamvinnu í framtíðinni á sviði fiskveiða í Norðaustur-Atlantshafi	16.12.1998	16.12.1998	7
COM(98) 785	CB-CO-98-781-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um að samþykka ýmis konar aðgerðir og ráðstafanir til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang að samevrópskum netum fyrir fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)	15.12.1998	16.12.1998	7
COM(98) 786	CB-CO-98-782-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins Evrópuþingsins og ráðsins um ýmis konar leiðbeiningar, m.a. um skilgreiningu verkefna sem varða sameiginlega hagsmuni fyrir fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)	15.12.1998	16.12.1998	11
COM(98) 770	CB-CO-98-778-EN-C	Bráðabirgðaskýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar um framkvæmd áætlunar bandalagsins til meðallangs tíma um jöfn tækifæri fyrir konur og karla (1996-2000)	17.12.1998	17.12.1998	31
COM(98) 776	CB-CO-98-776-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 88/77/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum	17.12.1998	17.12.1998	29
COM(98) 759	CB-CO-98-765-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála	21.12.1998	21.12.1998	10
COM(98) 779	CB-CO-98-785-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um samræmingu á almannatryggingakerfum	21.12.1998	21.12.1998	69
COM(98) 780	CB-CO-98-787-EN-C	Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til ráðsins um beitingu tiltekinnna greina tilskipunarinnar	21.12.1998	21.12.1998	14
COM(98) 787	CB-CO-98-793-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um undirritun Evrópubandalagsins á alþjóðaáætlun um verndun höfrunga	21.12.1998	21.12.1998	40
COM(98) 788	CB-CO-98-796-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um aðra breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 85/90 um verndun fiskveiðiauðlinda á tæknilegan hátt til að vernda ungvíði sjávarlífvera	21.12.1998	21.12.1998	9
COM(98) 778	CB-CO-98-784-EN-C	Önnur skýrsla um beitingu í aðildarríkjunum á tilskipun 92/3/KBE frá 3. febrúar 1992 um eftirlit með flutningi á geislavirkum úrgangi milli aðildarríkjanna og til og frá bandalaginu	22.12.1998	22.12.1998	38
COM(98) 803	CB-CO-98-804-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á prófskilyrðum fyrir öryggisráðgjafa á sviði flutninga á hættulegum varningi á vegum og skipgengum vatnaleiðum	23.12.1998	23.12.1998	9

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/5/08

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða
(Stjttíð. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE
(Stjttíð. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE
(Stjttíð. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0580-B	1. viðauki við fyrirmæli vallónsku fylkisstjórnarinnar um framkvæmd úrskurðar frá 5. júní 1997 um endurhæfingarstofnanir, hjúkrunarheimili og dagvistarstofnanir fyrir aldraða og um að koma á fót ráði í Vallóníu sem fer með málefni aldraðra	19.3.1999
98-0581-B	Konunglegur úrskurður um lágmarkskröfur um notkunarleiddbeiningar sem framleiðandi verður að láta í té við afhendingu á parafíni til einkanota	(3)
98-0583-D	Viðauki 4.2/1 til DIN 4109 – hljóðeinangrun húsa – listi yfir tæknilegar smíðaforskriftir	22.3.1999
98-0582-NL	Breyting á forskrift um valfrjálsar afskriftir umhverfisfjárfestinga (VAMIL)	(4)
98-0584-UK	Forskriftir að vélknúnum ökutækjum (leyfilegur þungi) (Norður-Írland) 1999	23.3.1999
98-0585-D	Breytingar á smíðaforskriftum, listi A og C - útgáfa 98/1 og 98/2 við útgáfu 99/1	23.3.1999
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 67 frá 17.3.1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4.5.1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

99/EES/5/09

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. nóvember 1998 í máli C-134/97: (beiðni um forúrskurð frá Skatteráttisnámnden): í máli sem er fyrir þeim dómstól varðandi beiðni um forúrskurð frá Victoria Film A/S (aðildarlög Konungsríkisins Svíþjóðar – sjötta tilskipun um virðisaukaskatt – bráðabirgðaákvæði – undanþágur – þjónusta sem höfundar, listamenn og listflytjendur veita (skortur á dómsvaldi dómstólsins).

Dómur dómstólsins frá 17. nóvember 1998 í máli C-70/97 P: Kruidvat BVBA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi Parfums Givenchy SA, Comité de Liaison des Syndicats Européens de l'Industrie de la Parfumerie et des Cosmétiques (Colipa) og Fédération Européenne des Parfumeurs Détaillants (FEPD) (áfrýjun – valvíst dreifikerfi – lúxussnyrtivörur – fyrirtæki sem málið varðar beint eða óbeint).

Dómur dómstólsins frá 17. nóvember 1998 í máli C-228/96 (beiðni um forúrskurð frá Giudice Conciliatore, Mílanó): Aprile Srl, í skiptameðferð, gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (gjöld sem hafa sambærileg áhrif, endurgreiðsla á ógjaldföllnum en greiddum fjárhæðum – málsmeðferðarfrestur samkvæmt landslögum).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. nóvember 1998 í máli C-284/94: Konungsríkið Spánn gegn Evrópusambandinu, með stuðningi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar – sameiginleg viðskiptastefna – reglugerðir (EB) nr. 519/94 og 1921/94 – innflutningskvótar fyrir ákveðin leikföng frá Alþýðulýðveldinu Kína).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. nóvember 1998 í máli C-159/96: Lýðveldið Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (viðskiptastefna – magntakmarkanir á innflutning á textílvörum – vörur sem upprunnar eru í Alþýðulýðveldinu Kína – viðbótarinnflutningur – framkvæmdavald framkvæmdastjórnarinnar).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 19. nóvember 1998 í máli C-85/97 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Liège (Belgíu): Société Financière d'Investissements SPRL (SFI) og belgíska ríkið (virðisaukaskattur, fyrningarfrestur – upphaf – aðferð við útreikning).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 19. nóvember 1998 í máli C-162/97 (beiðni um forúrskurð frá Helsingborgs Tingsrätt): Sakamál fyrir þeim dómstól gegn Gunnar Nilsson, Per Olov Hagelgren og Solweig Arrborn (frjálsir vöruflutningar – bann við magntakmörkunum og aðgerðum sem hafa sambærileg áhrif milli aðildarríkjanna – undanþágur – verndun lífs og heilbrigðis dýra – kynbætur – ræktun hreinræktaðara nautgripa til undaneldis – gervifrjóvgun).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 19. nóvember 1998 í máli C-210/97 (beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht Köln): Haydar Akman gegn Oberkreisdirektor des Rheinisch-Berischen-Kreises, aðili að málinu: Vertreter des öffentlichen Interesses beim Verwaltungsgericht Köln (samstarfssamningur milli EBE og Tyrklands – frjáls för launþega – 2. mgr. 7. gr. ákvörðunar samstarfsráðsins nr. 1/80 – réttur barns tyrknesks launþega til að svara sérhverju starfstilboði í gístaðildarríkinu þar sem það hefur lokið starfsþjálfun – staða barns sem á föður sem snýr aftur til Tyrklands, eftir að hafa starfað á löglegan hátt í gístíríkinu í meira en þrjú ár, að lokinni starfsþjálfun barnsins).

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB nr. C 1, 4. 1. 1999.

Mál C-392/98: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden samkvæmt dómi þess dómstóls frá 30. október 1998 í máli 1) Ascco Gerüste GmbH og 2) R. Van Dijk, sem stundar viðskipti undir heitinu Ascco Holland Steigers Plettac Nederland, gegn 1) Wilhelm Layher GmbH & Co og 2) Layher BV.

Mál C-394/98: Mál höfðað þann 5. nóvember 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-396/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 27. ágúst 1998 í máli Grundstückgemeinschaft Schloßstraße GbR gegn Finanzamt Paderborn.

Mál C-397/98: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice (England and Wales, Chancery Division samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. október 1998 í málum 1) Metallgesellschaft Limited, 2) Metallgesellschaft AG og Metallgesellschaft Handel & Beteiligungen AG, 3) The Metal og Commodity Company Limited hvert fyrir sig gegn Commissioners of Inland Revenue og H.M. Attorney General.

Mál C-399/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale per la Lombardia, Mílanó, samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 11. júní 1998 í máli Ordine degli Architetti delle Province di Milano e Lodi og Piero de Angelis, Architect, gegn Comune di Milano, Società Pirelli, Milano Centrale Servizi SpA og Ente Autonomo Teatro alla Scala.

Mál C-400/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 27. ágúst 1998 í máli Finanzamt Goslar gegn Brigitte Breitsohl.

Mál C-402/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale del Lazio samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 11. mars 1998 í máli A.T.B. – Agricola Tabacchi Bonavicina Snc, fyrirtæki í eigu Federica Marcati o.fl. gegn Ministero per le Politiche Agricole og Mario Pittaro.

Mál C-404/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 29. október 1998 í máli Josef Plum gegn AOK Rheinland, Cologne Regional Office.

Mál C-405/98: Beiðni um forúrskurð frá Stockholms Tingsrätten (Héraðsdómur Stokkhólms) samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 18. september 1998 í máli Konsumentombudsmannen (KO) (umboðsmaður neytenda) gegn Gourmet International Products Aktiebolag (GIP).

Mál C-407/98: Beiðni um forúrskurð frá Överklagandenämnden för Högskolan samkvæmt úrskurði þeirrar stofnunar frá 14. október 1998 í máli 1) Katarina Abrahamsson og 2) Leif Anderson gegn Elisabet Fogelqvist.

Mál C-408/98: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice (England and Wales), Queen's Bench Division, Divisional Court samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. nóvember 1998 í máli Abbey National plc gegn Commissioners of Customs and Excise.

Mál C-410/98: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice (England and Wales), Queen's Bench Division, Chancery Division samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. nóvember 1998 í máli 1) Hoechst Aktiengesellschaft og 2) Hoechst UK Ltd gegn 1) Inland Revenue Commissioners og 2) HM Attorney General.

Mál C-412/98: Beiðni um forúrskurð frá Cour d'Appel de Versailles (12. deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 5. nóvember 1998 í máli Société Group Josi Reinsurance Company SA gegn Compagnie d'Assurances Universal General Insurance Company „UGIC“.

Mál C-417/98 P: Áfrýjað var þann 23. nóvember 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna dómi uppkveðnum 17. september 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-50/96 milli Primex Produkte Import-Export GmbH & Co. KG, Gebr. Kruse GmbH og Interporc Im- und Export GmbH, með stuðningi hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 99/EES/5/10

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 19. nóvember 1998 í máli T-147/97: Champion Stationery Mfg Co. Ltd o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins (undirboðsgjöld – stjórnsýslumeðferð – endanleg birting – breyting á undirboðsgjöldum – réttur varnarinnar).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. nóvember 1998 í máli T-222/97: Alfons Steffens gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótamál – ósamningsbundin ábyrgð – mjólk – viðbótargjöld – viðmiðunarmagn – framleiðendur sem skuldbundið sig til að hætta að selja og markaðssetja mjólk - batur – reglugerð (EBE) nr. 2187/93 – fyrningarfrestur).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. október 1998 í máli T-290/94: Ford James France, áður Kaysersberg SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (málsmeðferðarkostnaður).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. nóvember 1998 í máli T-41/97: Antillean Rice Mills NV gegn ráði Evrópusambandsins.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 23. október 1998 í máli T-609/97: Regione Puglia gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og Konungsríkinu Spáni (landbúnaður – reglugerð sem hefur almennt gildi – aðgerð af hálfu svæðastofnunar – mál ekki dómtækt).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 28. október 1998 í máli T-100/98: Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótamál – aðgerð sem á sér enga stoð í lögum).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 23. október 1998 í máli T-100/98: R. Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (bráðabirgðaaðgerðir - mál dómtækt - flýtimeðferð).

Mál T-163/98: Mál höfðað þann 6. október 1998 af Procter & Gamble Company gegn Office for Harmonization of the Internal Market (OHIM).

Mál T-175/98: Mál höfðað þann 23. október 1998 af Una Film „City Revue“ GmbH gegn Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins.

Mál T-181/98: Mál höfðað þann 31. október 1998 af Georgsmarienhütte Holding GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-68/94 tekið af málaskrá: Edoard Arends gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-264/94 tekið af málaskrá: A.G. van den Akker gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 1, 4. 1. 1999.